

26.fundur stjórnar Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins

Haldinn í Ármúla 13, Akkur, föstudaginn, 14. mars 2025, kl. 12.00-13.30

Fundinn sátu:

Sævar Birgisson, Eva Jósteinsdóttir, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Elísabet Sveinsdóttir, Rannveig Grétarsdóttir, Guðbjörg Oddný Jónasdóttir (TEAMS) og Inga Hlín Pálsdóttir (frkvstj).

Fjarverandi: Jakob Einar Jakobsson

Fundargerð ritaði: Inga Hlín Pálsdóttir

Dagskrá:

1. Fundargerð 25. fundar 14. febrúar 2025.

Undirrituð og samþykkt.

2. Yfirlit yfir stöðu og rekstur

Sagt frá helstu málum s.s. tveir nýjir aðildarfélagar hafa bæst við, Markaðsstofur landshlutanna taka þátt í ákveðnum vinnuhópum í tengslum við aðgerðaráætlun stjórnvalda, HITTUMST skráning gengur vel, Morgunspjall með vin var um morguninn í Höfuðstöðinni sem var afar vel heppnað, verið að skoða markaðsáherslur/hugmyndavinnu og vefurinn er á leið í tæknilega uppfærslu. Einnig var sagt frá vinnunni í tengslum við ferðakjarnana og framgang þeirra verkefna, sem og hvernig það verkefni hefur þróast í tengslum við Hafnarfjörð en þar verður bæði skoðuð móttaka ferðamanna í Hafnarfirði en einnig skemmtiferðaskipin. Stofan er einnig komin í gott samstarf við Faxaflóahafnir í tengslum við samstarfsvettvang um komur skemmtiferðaskipta.

3. Siðareglur Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins

Kynnt voru fyrstu drög en ákveðið að taka málið aftur fyrir á næsta fundi.

4. Önnur mál

Rætt var sérstaklega um skýlamál á „pick up“ stöðvum á höfuðborgarsvæðinu en slík skýli eru ekki til staðar. Nú þegar verið ákveðið að eiga hagaðilafund um málið á vormánuðum.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 13.15.